



Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11.8.2023
UST202302-138/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. júlí 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf., Seljavogi þann 13. júní 2023. Þann 13. júlí sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 3.11 í starfsleyfi. Lekavörn vantar í eina hillu í efnaskáp, tunna með klór stendur án viðeigandi lekavarna á gólfi stöðvarinnar, öryggisblöð eru ekki til staðar. **Staðfesting á úrbótum barst Umhverfisstofnun í tölvupóstum 14.6., 20.6. og 23.6. og var frávikin því lokað með bréfi 11. júlí sl.**
- Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður betri eftirfylgni með fóðrun og verður betur stuðst við útreikninga fyrir fóðurgjöfina. Rekstraraðili telur þetta geta dregið úr losun fosfórs sem nemur losun umfram leyfilegt hámark fyrir stöðina.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna frávíksins frá gr. 3.4 í starfsleyfi en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikin ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur